




UMHVERFISSTOFNUN



# Friðlýsingar 2012

Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfis-  
og auðlindaráðherra um vinnu við  
friðlýsingar á árinu 2012

Júní 2013

#

# Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>1—3</b>
<b>2. NÝJAR FRIDLÝSINGAR ÁRIÐ 2012</b> .....	<b>2—5</b>
2.1. Skerjafjörður innan marka Kópavogs .....	2—5
2.2. Seljahjallagil, Bláhvammur, Þrengslaborgir og nágrenni í Skútustaðahreppi .....	2—6
2.3. Blábjörg á Berufjarðarströnd í Djúpavogshreppi .....	2—7
<b>3. ENDURSKOÐUN FRIDLÝSINGA</b> .....	<b>3—8</b>
3.1. Varmárósar í Mosfellsbæ .....	3—8
3.2. Kringilsárrani.....	3—8
3.3. Átak í endurskoðun friðlýsingarskilmála.....	3—8
<b>4. FRIDLÝSINGAR Á NÁTTÚRUVERNDARÁÆTLUN Í VIRKRI VINNSLU</b> .....	<b>4—9</b>
4.1. Látrabjarg og nágrenni .....	4—9
4.2. Skerjafjörðurinn.....	4—9
4.3. Austara Eylendið og Orravatnsrústir .....	4—10
4.4. Egilsstaðaskógur/Selskógur .....	4—11
4.5. Þjórsárver .....	4—11
<b>5. FRIDLÝSINGAR Á NÁTTÚRUVERNDARÁÆTLUN Í BIÐ</b> .....	<b>5—12</b>
<b>6. FRIDLÝSINGAR UTAN NÁTTÚRUVERNDARÁÆTLUNAR Í VIRKRI VINNSLU</b> .....	<b>6—13</b>
6.1. Verkefni frá fyrra ári .....	6—13
6.1.1. Svæði á aðalskipulagi Djúpavogshrepps .....	6—13
6.1.2. Búrfell og Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár í Garðabæ.....	6—13
6.1.3. Garðahraun neðra, Garðahraun efra, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar .....	6—14
6.1.4. Fugla- og votlendisfriðland í Flóa .....	6—14
6.1.5. Fugla- og votlendisfriðland á Brunasandi.....	6—15
6.2. Ný verkefni.....	6—15
6.2.1. Þjóðgarður í nágrenni Húsafells, Borgarbyggð.....	6—15
6.2.2. Álafoss, Tungufoss og Helgufoss í Mosfellsbæ.....	6—15
6.2.3. Lúdent, Hraunbunga og Lúdent- og Þrengslaborgir í Skútustaðahreppi.....	6—16
6.2.4. Svæði í Skagafirði .....	6—16
<b>7. ÖNNUR SVÆÐI Í BIÐ</b> .....	<b>ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.</b>
<b>8. LOKAORÐ</b> .....	<b>8—18</b>

# 1. Inngangur

Umhverfisstofnun annast undirbúning að friðlýsingu landsvæða og tegunda í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Gert er ráð fyrir að stofnunin gefi umhverfis- og auðlindaráðherra yfirlit yfir vinnu við friðlýsingar og er hér um að ræða yfirlit ársins 2012.

Skýrslan skiptist í sex meginkafla, inngang og lokarorð. Í öðrum kafla er fjallað um þær friðlýsingar sem undirritaðar voru á liðnu ári og í þriðja kafla gerð grein fyrir friðlýsingarskilmálum sem voru endurskoðaðir á árinu. Fjórti kafla fjallar um þau svæði á náttúruverndaráætlun sem unnið var að á árinu 2012, en í fimmta kafla er gerð stuttlega grein fyrir svæðum á náttúruverndaráætlun þar sem af ýmsum ástæðum þótti ekki gerlegt að vinna að friðlýsingu. Í sjötta kafla er farið yfir virk friðlýsingarverkefni sem ekki eru á náttúruverndaráætlun, annars vegar verkefni frá árinu 2011 og hins vegar verkefni sem til komu árið 2012. Í síðasta kaflanum er farið yfir þau verkefni utan áætlunarinnar sem eru í biðstöðu.

Árið 2012 var viðburðaríkt hvað friðlýsingar varðar. Þrjú ný svæði voru friðlýst og ein eldri friðlýsing var endurskoðuð frá grunni. Alls var unnið að friðlýsingu sautján svæða, þar af voru sex svæði á náttúruverndaráætlun. Ýmsan lærdóm má draga af reynslu ársins. Tvö svæði í Garðabæ voru nánast tilbúin til friðlýsingar þegar kom á daginn að ágreiningur væri milli sveitarfélags og ríkisins um eignarhald svæðanna. Svipaða sögu er að segja um friðlýsingu mikilvægs fugla- og votlendissvæðis í Árborg. Einnig lá þar fyrir staðfestur vilji sveitarstjórnar þegar ljóst varð að gamlar landamerkjadeilur voru óleystar. Áfram var unnið að stofnun þjóðgarðs á Látrabjargssvæðinu, en það verkefni mun taka lengri tíma en upphaflega var áætlað vegna skipulagsvinnu á vegum sveitarfélagsins á svæðinu sem tengd er undirbúningi þjóðgarðs og flókens eignarhalds.

Við undirbúning friðlýsinga aflar Umhverfisstofnun ávallt upplýsinga og álits hjá öðrum fagstofnunum, svo sem Náttúrufræðistofnun Íslands og/eða náttúrustofu viðkomandi landsvæðis. Eins og lög gera ráð fyrir hefur stofnunin samstarf við viðkomandi sveitarfélög, landeigendur og aðra hagsmunaaðila um undirbúning friðlýsingar. Haldinn var mikill fjöldi kynningarfundar á árinu 2012 í þessum tilgangi. Á fundunum var farið yfir hver markmið verndunar eru og hvaða takmarkanir og tækifæri friðlýsingin kann að hafa í för með sér fyrir landeigendur, hagsmunaaðila og almenning, svo sem varðandi verndarráðstafanir, veiðirétt og markmið um umferðarrétt almennings á svæðinu. Umhverfisstofnun leggur í störfum sínum ríka áherslu á að undirbúningur friðlýsingar sé samráðsferli og að drög að friðlýsingarskilmálum séu umræðugrundvöllur fyrir þá aðila sem að friðlýsingunni koma, en ekki endanlegur texti friðlýsingarskilmála. Eftir atvikum er getið um nauðsynlegar framkvæmdir, þ.á.m. lagningu göngustíga, útsýnispalla eða annarra aðgerða sem tryggja eiga að almenningur geti notið þeirra náttúruminja sem verið er að friða.

Ef upp kemur sú staða að Umhverfisstofnun nær ekki samkomulagi við hlutaðeigandi aðila um friðlýsingu, og það er álit stofnunarinnar og fagstofnana t.d. Náttúrufræðistofnunar

Íslands að brýnt sé að friðlýsa viðkomandi náttúruminjar, skal málinu vísað til meðferðar hjá umhverfis- og auðlindaráðherra.

## 2. Nýjar friðlýsingar árið 2012

Þrjú ný svæði voru friðlýst ár árinu:

<i>Svæði sem voru friðlýst árið 2012</i>	<i>Tillaga að friðlýsingu</i>	<i>Staðfesting</i>
Skerjafjörður innan marka Kópavogs	Náttúruverndaráætlun / Kópavogsbær	30. janúar 2012
Seljahjallagil, Bláhvammur, Þrengslaborgir og nágrenni	Landeigendur	28. febrúar 2012
Blábjörg á Berufjarðarströnd	Djúpavogshreppur	28. nóvember 2012

### 2.1. Skerjafjörður innan marka Kópavogs

Þann 30. janúar undirritaði umhverfis- og auðlindaráðherra fyrstu friðlýsingu ársins, en þá var Skerjafjörður innan marka Kópavogs friðlýstur sem búsvæði fugla. Friðlýst voru tvö svæði, annars vegar í Kópavogi (39 ha) og hins vegar í Fossvogi (23,6 ha), alls um 62,6 ha svæði sem mikilvæg búsvæði fugla skv. 3. tl. 53. gr. og 54. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Í friðlýsingunni segir að Skerjafjarðarsvæðið í heild hafi alþjóðlegt verndargildi vegna farfuglategunda, svo sem rauðbrystings og margæsar, en þar er að finna lífríkar þangfjörur, leirur og grunnsævi sem skapa undirstöðu fyrir afar fjölbreytt fuglalíf allan ársins hring. Einnig er svæðið mikilvægt vegna marhálms og sjávarfitjungs sem hafa takmarkaða útbreiðslu hér á landi, en marhálmur er ein aðalfæða margæsar. Í Fossvogi og Kópavogi er stór hluti leira Skerjafjarðarsvæðisins.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Jafnframt er það markmið að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í líffræðilegri fjölbreytni og samrýmist verndun búsvæða fugla.

Skerjafjörður er á náttúruverndaráætlun en bæjarstjórn Kópavogsbæjar tók virkan þátt í undirbúningi friðlýsingarinnar og sýndi honum mikinn áhuga allt til enda. Þegar friðlýsingarskilmálar voru auglýstir til kynningar barst ein athugasemd. Var hún frá borgaryfirvöldum í Reykjavík, sem gagnrýndu að borgaryfirvöldum hefðu ekki verið send drögin til umsagnar, þar sem mörk hins friðlýsta svæðis í Kópavogi liggja í hafi að mörkum Reykjavíkur. Verður sú athugasemd höfð í huga við friðlýsingar í framtíðinni þar sem svipað stendur á.

<i>Skerjafjörður innan marka Kópavogs: Friðlýsingin í hnotskurn</i>	
Dagsetning friðlýsingar	30. janúar, 2012
Tegund friðlýsingar	Búsvæði fugla
Verndarandlag	Farfuglategundir, svo sem rauðbrystingur og margæs, en einnig lífríkar þangfjörur, leirur og grunnsævi, marhálmur og sjávarfitjungur
Beiðni um friðlýsingu	Náttúruverndaráætlun I/Kópavogsbær
Stærð svæðis	62,6 hektarar
Landeigendur	Kópavogsbær
Sveitarfélag	Kópavogsbær

## 2.2. Seljahjallagil, Bláhvammur, Þrengslaborgir og nágrenni í Skútustaðahreppi

Friðlýsing Seljahjallagils, Bláhvamms, Þrengslaborga og nágrennis sem náttúruvættis var unnin að frumkvæði landeigenda, eigenda jarðarinnar Grænavatns, og var undirbúningur unnin í nánú og góðu samráði við þá. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstæðar jarðmyndanir, auk þess sem svæðið hefur mikið fræðslu- og útivistargildi. Náttúruvættið tekur einnig til búsvæðaverndar fálka í Mývatnssveit að hluta. Hið friðlýsta svæði er 1880,7 ha að stærð.

Um svæðið segir í auglýsingu: „Í náttúruvættinu er að finna merkar minjar frá jarðeldunum sem skópu Mývatn og umgjörð þess. Fyrir tæpum 4.000 árum rann Laxárhraun eldra frá Ketildyngju um Seljahjallagil, breiddi úr sér á Mývatnssvæðinu og rann áfram niður Laxárdal og Aðaldal. Við það stíflaðist afrennsli Mývatnssvæðisins og stöðuvatn myndaðist, álíka stórt og Mývatn, en með ólíka lögun. Fyrir um 2.300 árum rann Laxárhraun yngra frá Lúdentarborgum, Þrengslaborgum og Borgum í Grænavatnsbruna. Einn gíganna frá þessu gosi er í Seljahjallagili. Hraunið rann um Mývatnssvæðið, niður Laxárdal og Aðaldal allt að Skjálfanda. Dimmuborgir mynduðust í þessu gosi sem og gervíggar við Mývatn, í Laxárdal og í Aðaldal. Í gosinu varð Mývatn til í núverandi mynd.“

Í Bláfjalli og Bláfjallsfjallgarði eru fjölbreyttar móbergs- og grágrýtismyndanir frá ísöld með giljum og hvömmum sem grafist hafa út við lok ísaldar. Seljahjallagil er víða 100-150 m djúpt og um 500 m á breidd að meðaltali. Nyrst í gilinu hefur leysingavatn grafið nýtt gil ofan í hraunið og koma þar fram miklir klettadrangar með einhverju fegursta og fjölbreyttasta stuðlabergi á austanverðu Norðurlandi. Bláhvammur er gróðurrikt hlíðasvæði suður af Seljahjallagili vaxinn birkiskógi og blómgróðri. Hvammurinn er klettahvílt sem jökulvatn hefur grafið í móbergið og er þar greinilegt gamalt fossstæði. Í náttúruvættinu er einnig að finna fálkaóðul sem eru setin árlega.“

<b>Seljahjallagil, Bláhvammur, Þrengslaborgir og nágrenni: Friðlýsingin í hnotskurn</b>	
Dagsetning friðlýsingar	28. febrúar, 2012
Tegund friðlýsingar	Náttúruvætti
Verndarandlag	Sérstæðar jarðmyndanir
Beiðni um friðlýsingu	Landeigendur
Stærð svæðis	1880,7 hektarar
Landeigandi	Eigendur jarðarinnar Grænavatns
Sveitarfélag	Skútustaðahreppur

## 2.3. Blábjörg á Berufjarðarströnd í Djúpavogshreppi

Í aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 til 2020 eru gerðar metnaðarfullar tillögur um friðlýsingu 15 svæða. Eitt þessara svæða eru Blábjörg á Berufjarðarströnd. Ákveðið var í samráði við landeigendur, Auðberg Jónsson og konu hans, Katrínu Kristínu B. Gísladóttur, ábúendur á jörðinni Fagrahvammi, að setja Blábjörg í forgang og stefna að friðlýsingu þeirra sem náttúruvættis fyrir lok ársins 2012.

Markmið með friðlýsingu svæðisins sem náttúruvættis er að vernda sérstæðar jarðmyndanir sem hafa hátt fræðslu- og vísindagildi. Blábjörg eru aðgengilegur staður til að skoða flikrubergr og eru vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Blábjörg eru hluti af sambræddu flikrubergr sem hefur verið kallað Berufjarðartúff og myndaðist í gjóskuflóði í líparítsprenngigosi. Í jarðlagastaflanum er Berufjarðartúffið rétt ofan við svokallað Hólmatindstúff og nokkru neðan við bleikt túfflag kennt við Skessu. Friðlýsta svæðið er 1,49 ha að stærð.

<b>Blábjörg á Berufjarðarströnd í Djúpavogshreppi: Friðlýsingin í hnotskurn</b>	
Dagsetning friðlýsingar	28. nóvember, 2012
Tegund friðlýsingar	Náttúruvætti
Verndarandlag	Sérstæðar jarðmyndanir
Beiðni um friðlýsingu	Djúpavogshreppur
Stærð svæðis	1,49 hektarar
Landeigendur	Auðberg Jónsson og Katrín Kristín B. Gísladóttir
Sveitarfélag	Djúpavogshreppur

## 3. Endurskoðun friðlýsinga

### 3.1. Varmárósar í Mosfellsbæ

Friðlýsingarskilmálar og mörk friðlandsins Varmárósa í Mosfellsbæ voru endurskoðuð á árinu. Í ljós kom að hluti skeiðvallar lá innan marka friðlandsins og óskaði bæjarfélagið eftir því að mörkunum yrði breytt svo völluminn væri fyrir utan. Í leiðinni var ákveðið að endurrita friðlýsingarskilmálana og gera þá gegnsæri, enda komnir nokkuð til ára sinna. Ráðherra undirritaði nýja skilmála þann 8. mars 2012.

### 3.2. Kringilsárrani

Árið 2012 voru mögulegar breytingar á friðlýsingarskilmálum Kringilsárrana teknar til skoðunar í tengslum við verndarráðstafanir í friðlandinu. Ákveðið var að hefja vinnu við verndaráætlun og fresta breytingum á skilmálunum að sinni.

### 3.3. Átak í endurskoðun friðlýsingarskilmála

Samkvæmt starfsáætlun er gert ráð fyrir að ákveðinn fjöldi eldri friðlýsingarskilmála verði endurskoðaður á ári hverju, en margar eldri friðlýsingar eru knappar og jafnvel ekki af þeim ljóst hvers vegna viðkomandi svæði var friðlýst. Reynslan sýnir að endurskoðun getur tekið nánast jafn mikinn tíma og ný friðlýsing, enda er ferlið að mestu það sama. Í ljósi þessa er talið raunhæft að endurskoða 2-3 friðlýsingar á fyrri hluta hvers árs.



## 4. Friðlýsingar á náttúruverndaráætlun í virkri vinnslu

### 4.1. Látrabjarg og nágrenni

Áfram var unnið að stofnun þjóðgarðs á Látrabjargi og í nágrenni þess. Sérfræðingar Umhverfisstofnunar héldu sig þó nokkuð til hlés á síðari hluta ársins á meðan meginþungi deiliskipulagsvinnu á svæðinu stóð yfir undir stjórn sveitarfélagsins Vesturbyggðar. Bæði sérfræðingur stofnunarinnar í friðlýsingum og sérfræðingur á Látrastofu eiga þó sæti í samstarfshópi sveitarfélagsins um deiliskipulagsgerðina og hafa því fylgst grannt með framvindu hennar. Þann 1. mars var starfshópurinn BAARK valinn úr hópi 15 sérfróðra aðila til að vinna deiliskipulagið. BAARK hópurinn býr yfir víðtækri þekkingu enda eru innan hans sérfræðingar á sviði skipulagsfræða, stjórnsýslufræða og fornleifafræða. Meðlimir hópsins heimsóttu svæðið nokkrum sinnum í sumar og funduðu með fulltrúum sveitarfélags og landeigenda í fylgd sérfræðings á Látrastofu. Var þeim vel tekið, en verkefnið mun hins vegar taka lengri tíma en ætlað var í fyrstu. Samhliða deiliskipulaginu hefur sérfræðingur á Látrastofu unnið að undirbúningi verndaráætlunar fyrir svæðið. Það er spennandi tilraunaverkefni að vinna áætlanirnar tvær saman og líklegt til að skila talsverðum samlegðaráhrifum. Stefnt er að sameiginlegum kynningarfundum BAARK og Umhverfisstofnunar í upphafi árs 2013, en ekki er gert ráð fyrir að endanleg skipulagstillaga liggja fyrir fyrr en á síðari hluta ársins. Friðlýsingarundirbúningur hefst aftur á fullu um leið og tillögur BAARK fara í opinbera kynningu.

### 4.2. Skerjafjörðurinn

Eins og áður var nefnt var fyrsta friðlýsing ársins friðlýsing Skerjafjarðar innan marka Kópavogs þann 30. janúar. Vinna að mögulegri friðlýsingu Skerjafjarðar innan marka Álftaness og Seltjarnarness fór einnig fram á fyrri hluta ársins.

Á Álftanesi voru haldnir fundir með landeigendum og íbúum í janúar og gengu vel, þó staðfest væri að nokkur andstaða væri í hópi landeigenda. Um miðjan apríl óskaði formaður umhverfisnefndar eftir því að drög að friðlýsingarskilmálum yrðu endurskoðuð með það að leiðarljósi að strandlengja í eigu sveitarfélagsins og hafsvæðið út af henni yrðu friðlýst í fyrstu atrennu. Slík drög voru lögð fyrir umhverfisnefnd og samþykkt þann 16. apríl og í framhaldi í bæjarstjórninni 26. apríl. Ljóst var að nokkur vinna var eftir við að teikna upp eigendakort og tók bæjarstjóri það að sér. Ætlunin var að ljúka þeirri vinnu í byrjun maímánaðar og auglýsa þá drögin að friðlýsingarskilmálunum opinberlega. Þau áform hafa

hins vegar dregist allverulega, að líkindum vegna undirbúnings fyrir sameiningu Álftaness og Garðabæjar, en í aðdraganda kosninga þar um lét þáverandi bæjarstjóri af störfum og nýr tók við. Ekki tókst að ljúka vinnu við friðlýsingu svæðisins árið 2012.

Í byrjun mars óskaði formaður umhverfisnefndar Seltjarnarness eftir sérstakri kynningu fyrir nefndina og formann Sjálfstæðisfélagsins á Nesinu. Fundurinn var haldinn 4. apríl og mættu þar sérfræðingur Umhverfisstofnunar í friðlýsingum og sérfræðingur Surtseyjarstofu, sem einnig vinnur að Skerjafjarðarverkefninu. Fundarmenn voru jákvæðir, en á meirihlutafundi viku síðar var málið til umfjöllunar og niðurstaða sú að friðlýsing Skerjafjarðar innan sveitarfélagsins væri ótímabær að svo stöddu. Lítið hefur þokast síðan, en þó má nefna að Nespósturinn birti viðtal um Skerjafjörðinn við friðlýsingarsérfræðing Umhverfisstofnunar í júní. Einnig var jákvæð umfjöllun í júnímánuði um málið í leiðara Vesturbæjarblaðsins.

Tillaga að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur er nú til kynningar. Borgaryfirvöld hafa lýst því yfir að þau séu ekki tilbúin að ræða mögulega friðlýsingu Skerjafjarðar fyrr en nýtt aðalskipulag hefur verið samþykkt.

### 4.3. Austara Eylendið og Orravatnsrústir

Fulltrúar Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis áttu óformlegan fund með sveitarstjóra og umhverfisnefndarformanni sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 25. apríl. Á fundinum var leitað eftir afstöðu þeirra til svæðanna tveggja innan sveitarfélagsins sem eru á náttúruverndaráætlun. Var það gert án allra skuldbindinga enda um óformlegan fund að ræða. Þar kom þó fram að algjör andstaða er gagnvart því að friðlýsa Austara Eylendið. Landeigendur hafa allir undirritað yfirlýsingu gegn slíkum áformum og sveitarstjóri og umhverfisnefndarformaður töldu ólíklegt að sveitarstjórn myndi fara gegn vilja landeigenda. Auk þess var það mat þeirra að verndargildi svæðisins hefði minnkað enda búið að ræsa fram stóran hluta svæðisins.

Hvað Orravatnsrústir varðar er það svæði flokkað í biðflokk í þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu sem nú er til meðferðar á Alþingi. Í ljósi þeirrar stöðu töldu fulltrúar sveitarfélagsins útiloka að sveitarstjórn myndi samþykkja tillögu um friðlýsingu svæðisins nema að hægt væri að gera ráð fyrir framtíðarlónsstæði (Skatastaðavirkjun II) samhliða friðlýsingu. Haft var samband við þá sérfræðinga sem mest hafa rannsakað svæðið, Þorstein Sæmundsson á Náttúrustofu Norðvesturlands og Ólaf G. Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, til að fá álit þeirra á því hvort slík útfærsla væri gerleg. Þeir bentu á að lítið er vitað um væntanleg áhrif lónsstæðis. Ef pólitískur vilji væri fyrir hendi væri hins vegar möguleiki að draga um svæðið línu utan lónborðs, og fara síðan í rannsóknir á mögulegum áhrifum og mótvægisáðgerðum.

## 4.4. Egilsstaðaskógur/Selskógur

Þann 19. september átti fulltrúi Umhverfisstofnunar gagnlegan fund með bærarstjóra, formanni bæjarráðs, forseta bærarstjórnar og formanni umhverfis- og héraðsnefndar. Þar var rætt um möguleika á friðlýsingu Egilsstaðaskógar, en einnig annarra svæða sem sveitarfélagið hefði áhuga á að vernda sérstaklega. Fulltrúar bærarstjórnar voru áhugasamir um að skoða í fyrstu umferð friðlýsingu Selskógar, sem er nyrsti hluti Egilsstaðaskógar. Hann er í eigu sveitarfélagsins, en eignarhald á öðrum hlutum skógarins er flóknara. Selskógur er hverfisverndaður og nýlega var unnið deiliskipulag sem gæti orðið góður grunnur að friðlýsingarskilmálum þegar og ef að friðlýsingu kemur.

Nokkur önnur svæði komu einnig til tals, þ.á.m. Stóruurð og votlendissvæði og sandar milli Lagarfljóts og Selfljóts en bæði svæðin eru á náttúruminjasrá. Niðurstaða fundarins var að umhverfis- og héraðsnefnd fjallaði um mögulegar friðlýsingar á næsta fundi sínum. Varð það niðurstaða fundar nefndarinnar þann 23. september að farið verði yfir náttúruverndarmál í sveitarfélaginu og kannað hvaða svæðum möguleiki er að koma í friðlýsingarferli. Málið er í vinnslu og ekki hafa verið teknar neinar ákvarðanir af hálfu bærarstjórnar ennþá.#

## 4.5. Þjórsárver

Unnið hefur verið að undirbúningi við stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Ljóst er að endanleg afstaða Alþingis til tillögu að rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða um flokkun Norðlingaölduveitu mun hafa ráðandi áhrif á niðurstöðu verkefnisins.

## 5. Friðlýsingar á náttúruverndaráætlun í bið

<i>Landsvæði</i>	<i>Staða</i>
Álftanes – Akrar- Löngufjörur	Sveitarfélag hafnar viðræðum, gert ráð fyrir í aðalskipulagi að hluti landsins verði nýttur undir golfvöll.
Eldvörp-Hafnaberg	Er í virkjunarflokki skv. þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landsvæða.
Eyjólfstaðaskógur	Sveitarfélag telur eignarhald of flókið
Flateyrdalur-Náttfaravík	Sveitarstjórn bókaði, þann 14. júlí 2010, andstöðu sína við friðlýsingu.
Friðlýsing plantna	Er í vinnslu í umhverfis- og auðlindaráðuneyti.
Gerpissvæðið	<i>Fór í bið um mitt ár 2011. Ekki verið unnið að undirbúningi síðan. Þarf að athuga nánar 2013.</i>
Geysir í Haukadal	Umhverfisstofnun lagði til að friðlýst yrði það svæði sem er í eigu ríkisins en sveitarstjórn hafnaði tillögunni á þeirri forsendu að vilji væri til að sjá heildarlausn fyrir framtíð svæðisins. Beðið niðurstöðu viðræðna ríkis og landeigenda.
Hvannstóð undir Reynisfjalli	Friðlýsingu svæðis hafnað af sveitarfélagi. Unnið að tegundarfriðlýsingu.
Njarðvík – Loðmundarfjörður	Flókið eignarhald. Skortur á áhuga.
Skerjafjörður innan marka Reykjavíkur	Sveitarfélag vill klára vinnslu nýs aðalskipulags áður en viðræður um mögulega friðlýsingu eru hafnar.
Snæfjallaströnd-Kaldalón	<i>Ekki gefist tími til vinnslu. Þarf að athuga nánar 2013.</i>
Undirhlíðar í Nesjum – búsvæði tröllasmiðs	<i>Ekki gefist tími til vinnslu. Þarf að athuga nánar 2013.</i>
Öxarfjörður	<i>Ekki gefist tími til vinnslu. Þarf að athuga nánar 2013.</i>

## 6. Friðlýsingar utan náttúruverndaráætlunar í virkri vinnslu

Færst hefur í vöxt að landeigendur og/eða sveitarfélög hafi frumkvæði að friðlýsingu svæða í þeirra eigu, enda sjá margir tækifæri í friðlýsingu landsvæða, t.d. til atvinnusköpunar í tengslum við ferðaþjónustu og markaðssetningu á vörum. Árið 2012 var engin undantekning í því sambandi. Alls var unnið að friðlýsingu níu svæða sem komið hafa inn á borð Umhverfisstofnunar að ósk landeigenda eða sveitarfélaga, fimm verkefnum frá árinu 2011 og fjórum nýjum.

### 6.1. Verkefni frá fyrra ári

#### 6.1.1. Svæði á aðalskipulagi Djúpavogshrepps

Í aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 til 2020 eru gerðar metnaðarfullar tillögur um friðlýsingu 15 svæða. Eitt þeirra, Tjarnir, voru friðlýstar í upphafi ársins 2011 en áfram var unnið að undirbúningi friðlýsingar hinna svæðanna á árinu. Um er að ræða fjölda sérstæðra jarðmyndana sem eiga sér mikla sögu sem tengist samfélaginu fyrir austan og nefnast nöfnum eins og Álfakirkjan, Sfinxinn, Rakkaberg og Sauðkambur, en einnig lækurinn Vígðilækur og tjörninn Tröllatjörn. Við upplýsingaöflun varð fljótlega ljóst að jarðvísindalegar upplýsingar væru af skornum skammti um flest þessara fyrirbæra, þó þjóðsögur og aðrar sagnir skorti ekki. Hins vegar liggja talsverðar rannsóknir fyrir á einu svæðanna sem tiltekið er í aðalskipulaginu, en það eru Blábjörg á Berufjarðarströnd. Blábjörg voru friðlýst þann 28. nóvember 2012 og er fjallað um þau í kafla 2. Hvað hin svæðin varðar er áhugi hjá sveitarfélaginu á að vinna á næsta ári með Umhverfisstofnun að stofnun fólkvangs sem nái yfir a.m.k. þau svæði sem eru í eigu sveitarfélagsins.

#### 6.1.2. Búrfell og Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár í Garðabæ

Friðlýsing Búrfells, Búrfellsgjár og eystri hluta Selgjár í Garðabæ sem náttúruvættis hefur verið nokkuð lengi í undirbúningi. Í staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 er gert ráð fyrir að friðlýsa eldstöðina Búrfell og það sem eftir er af hraunum hennar innan marka Garðabæjar. Vinna við verkefnið hófst árið 2009, en á fundi í janúar 2010 óskaði sveitarfélagið eftir því að hefja vinnu við friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár. Verkefnið fór svo fyrir alvöru af stað í upphafi ársins 2012 eftir fund sem fulltrúar Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis áttu með skipulagsstjóra og umhverfisstjóra Garðabæjar. Bæjarfélagið og Landmælingar unnu saman að kortagerð, en Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneyti að gerð friðlýsingarskilmála. Gögnin voru svo lögð fyrir fund skipulagsnefndar Garðabæjar þann 31. ágúst, sem ályktaði

eftirfarandi: „Skipulagsnefnd leggur til að áður en bæjarstjórn tekur tillögur að friðlýsingum til endanlegrar afgreiðslu verði þær kynntar með sama hætti og friðlýsing Gálgahrauns og Skerjafjarðar árið 2009. Einnig skal óskað eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins um friðlýsingardrögin.“

Friðlýsingartillögurnar voru auglýstar í Fréttablaðinu þann 6. október og voru til kynningar á heimasíðum Umhverfisstofnunar og Garðabæjar frá þeim degi og til 12. nóvember. Skipulagsstjóri hafði áformað að kynna þær í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins þann 26. október en málið komst ekki á dagskrá og var þá stefnt að kynningu á næsta fundi, þann 30. nóvember. Í millitíðinni bárust hins vegar nokkrar athugasemdir og vó þar þyngst bréf fjármálaráðuneytis sem lagðist gegn friðlýsingu þar sem ríkið telur sig eiga stóran hluta þess lands sem þar um ræðir, svokallað Garðakirkjuland. Forsvarsmenn Garðabæjar gera einnig tilkall til landsins sem þeir segja bæinn hafa keypt af landbúnaðarráðuneytinu árið 1993. Friðlýsingu hefur nú verið frestað þar til þau mál hafa skýrst.

### 6.1.3. Garðahraun neðra, Garðahraun efra, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar

Undirbúningur að friðlýsingu Garðahrauns neðra, Garðahrauns efra, Vífilsstaðahrauns og Maríuhella sem fólkvangs var unnin samhliða undirbúningi að friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár. Var hann einnig kominn á lokastig þegar athugasemdir fjármála- og efnahagsráðuneytis bárust Umhverfisstofnun. Hvað þetta svæði varðar upplýsti ráðuneytið að yfir stæðu samningaviðræður milli ríkisins og Garðabæjar um kaup hins síðarnefnda á Vífilsstaðahrauni sem er í eigu ríkisins. Viðræðurnar væru á viðkvæmu stigi og teldi ráðuneytið æskilegt að ljúka þeim áður en friðlýsingin væri samþykkt.

### 6.1.4. Fugla- og votlendisfriðland í Flóa

Tillaga að stofnun fugla- og votlendisfriðlands kom frá Ragnhildi Sigurðardóttur, forstöðumanni Votlendisseturs á Hvanneyri og íbúa í Flóanum, í lok árs 2011. Svæðið er mikilvægt með tilliti til verndar og endurheimtar votlendis og sem búsvæði fugla. Það tengist klasaverkefninu „Fuglar á Suðurlandi“ og þar með skipulagi sjálfbærrar náttúruferðaþjónustu í Árborg. Svæðin sem um ræðir eru:

- Ríkisjörðin Flóagafismýri og hverfisverndað fuglafriðland sem eitt svæði.
- Jarðirnar Stóra-Hraun (eign ríkisins), Borg IV (í eign Árborgar) og Stökkseyrarsel (í einkaeign) sem eitt svæði.
- Strandlengjan frá Óseyrarnesi til Loftstaðarhóls í samræmi við Náttúruverndaráætlun - Aðferðafræði og hverfisvernd skv. aðalskipulagi Árborgar.

Fljótlega varð ljóst að mestur áhugi væri af hálfu sveitarfélagsins Árborgar á tillögu eitt, a.m.k. til að byrja með, einkum eftir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið lýsti því yfir að það væri tilbúið að láta Flóagafismýri til friðlýsingar. Unnin voru drög að friðlýsingarskilmálum sem fengu umfjöllun í bæjarstjórn og stjórnarsýslu Árborgar á fyrri

hluta ársins. Þann 13. september samþykkti bæjarstjórnin að stefna að friðlýsingu Flóagafldsmýrar og fuglafriðlandsins. Var óskað eftir því að Umhverfisstofnun ynni með skipulagsstjóra Árborgar að því að ljúka gerð skilmála og korta. Sú vinna er nú í gangi, en hefur tafist vegna deilna um landamerki milli sveitarfélagsins og einkaaðila.

### 6.1.5. Fugla- og votlendisfriðland á Brunasandi

Hugmynd að friðlýsingu svæðis sem er í óskiptu landi jarðanna Sléttabóls (ríkisjörð) og Hraunbóls (í einkaeigu) kom einnig frá Ragnhildi Sigurðardóttur. Um er að ræða víðáttumikið votlendissvæði á sandi sem er nær óraskað af mannavöldum. Svæðið er alþjóðlega mikilvægt fuglaverndarsvæði (IBA), en þar er að finna margar fuglategundir, m.a. þórshana sem er á valista, en talið er að um fjórðungur þórshanastofnsins á Íslandi verpi á svæðinu. Á svæðinu er einnig að finna meira en 1% af varpstofns skúms á Íslandi, eða allt að 200 pör. Stefnt er að stofnun friðlands með takmarkaðri umferð yfir varptímann. Skoðaðir verði möguleikar á að koma á hringleið og áningarstöðum annars staðar í sveitarfélaginu fyrir áhugamenn um fuglaskoðun, t.d. vestan Skaftár í nágrenni við veginn sem liggur um Landbrot. Gamalt íbúðarhús er á Sléttabóli sem gæti afar vel gegnt hlutverki afdreps/vinnuáðstöðu fyrir vísindamenn á svæðinu.

Nokkrir fundir hafa verið haldnir með fulltrúum landeigenda en einnig fóru fulltrúar Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis í vettvangsferð á svæðið í byrjun september og áttu þá fund með sveitarstjóra Skaftárhrepps, auk þess að skoða aðkomu að svæðinu. Þeir fulltrúar landeigenda sem komið hafa að viðræðum eru jákvæðir gagnvart friðlýsingu, en vilja tryggja að hún leiði ekki til aukinnar umferðar um hlaðið á Hraunbóli. Þeir hafa nú til skoðunar drög að friðlýsingarskilmálum og frumdrög að samningi við landeigendur þar sem atriði er varða skiltagerð, bílastæði og umferðarstjórn eru tilgreind. Hyggjast þeir kynna gögnin í sínum hópi.

## 6.2. Ný verkefni

### 6.2.1. Þjóðgarður í nágrenni Húsafells, Borgarfjargö

Í kjölfar erindis frá landeigendum í uppsveitum Borgarfjarðar var möguleg stofnun þjóðgarðs í uppsveitum Borgarfjarðar sett á dagskrá. Að mati landeigenda á svæðinu er nauðsynlegt að vernda innsta hluta sveitarinnar þar sem þar er að finna fjölmargar söguslóðir og einstaklega margbrotið landslag sem geymir margar náttúruperlur.

### 6.2.2. Álafoss, Tungufoss og Helgufoss í Mosfellsbæ

Í tilefni af 25 ára afmæli Mosfellsbæjar sem bæjarfélags ákvað bæjarstjórn sl. sumar að hefja undirbúning að friðlýsingu þriggja fossa, Álafoss í Varmá, Tungufoss í Köldukvísl og Helgufoss í Leirá. Álafoss og Tungufoss og næsta nágrenni þeirra er í eigu bæjarfélagsins, en Helgufoss til hálf í eigu ríkisins og til hálf í einkaeigu. Unnin hafa verið drög að skilmálum og kort og eru þau til umfjöllunar hjá sveitarfélaginu. Stefnt er að friðlýsingu

Álafoss og Tungufoss í byrjun árs 2013 en líklegt er að undirbúningur að friðlýsingu Helgufoss taki lengri tíma vegna flóknara eignarhalds.

### **6.2.3. Lúdent, Hraunbunga og Lúdent- og Þrengslaborgir í Skútustaðahreppi**

Í janúar 2012 barst ósk frá formanni landeigendafélags Voga í Skútustaðahreppi, sem á árinu 2011 vann með Umhverfisstofnun að friðlýsingu Hverfjalls/Hverfells, um að hefja undirbúning að friðlýsingu Lúdents, Hraunbungu og Lúdent- og Þrengslaborga sem einnig eru í landi Voga. Unnin voru drög að skilmálum, en formaðurinn tók að sér að láta vinna kort með mögulegum mörkum. Vegna anna hjá honum hefur ekkert orðið úr kortagerð ennþá, en auk þess óskaði hann í upphafi sumars að láta það líða og sjá hvernig framkvæmdum við Hverfell miðaði, áður en gengið væri til frekari friðlýsinga.

### **6.2.4. Svæði í Skagafirði**

Eins og fram hefur komið var haldinn óformlegur fundur með sveitarstjóra og umhverfisnefndarformanni Skagafjarðar í lok aprílmánaðar þar sem voru viðraðar hugmyndir þeirra um hugsanlega friðlýsingu Málmeypjar, Þórðarhöfða og Miklavatns í Fljótum. Ekki voru þó forsendur til þess að hefja eiginlegt friðlýsingarferli.



## 7. Önnur svæði í bið

Ekki hefur allt gengið að óskum í friðlýsingarmálum á árinu 2012. Ríkisstjórnin gerði sérstaka samþykkt um að unnið yrði að friðlýsingu Gjástykkis í Skútustaðahreppi. Þrír fundir voru haldnir með landeigendum og viðkomandi sveitarstjórnnum um málið á vormánuðum, en strax í upphafi kom fram mikil andstaða hjá þeim öllum. Vilji var til að halda inni þeim möguleika að koma upp virkri borholu í miðju hrauninu en umhverfis- og auðlindaráðherra lagði áherslu á heildstæða nálgun við undirbúning friðlýsingar. Viðræður landeigenda, sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar fóru í strand í mars og komu formlegar bókanir frá öllum sveitarstjórnnum og landeigendafélagi Reykhlíðunga um slit viðræðna. Engu að síður var ákveðið að hefja viðræður um friðlýsingu tveggja annarra svæða í eigu Reykjalíðar, Hrafninnuhryggs og Hvera (Námaskarðs). Voru þær viðræður langt komnar þegar tillögur nefndar um rammaáætlun voru kynntar en þar er gert ráð fyrir að Gjástykki lendi í flokki friðunar. Í kjölfarið slitu Reykhlíðungar einnig viðræðum um friðlýsingu Hrafninnuhryggs og Hvera. Rætt hafði verið um að friðlýsing Leirhnúks, Jarðbaðshóla og Gjánna kæmu einnig til greina ef hinar friðlýsingarnar tvær gengju eftir en þær virðast nú líka úti af borðinu, í bili a.m.k.

Drög að friðlýsingu Hólavatsnáss lágu fyrir sumarið 2011 og þótti líklegt að af friðlýsingaráformum yrði, en skv. upplýsingum frá sérfræðingi Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit eru landeigendur nú orðnir afhuga þeim.

## 8. Lokaorð

Senn mun framkvæmdatími annarrar náttúruverndaráætlunar renna sitt skeið. Eðlilegt er að nýta tækifærið, skoða reynsluna, og rýna í forgangsröðun og aðferðafræði við friðlýsingar, áður en undirbúningur þriðju áætlunarinnar hefst. Markmið náttúruverndaráætlunar er að „koma upp neti verndarsvæða, byggðu á faglegum forsendum, til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.“ Eðli máls samkvæmt hefur það verið meginstefna Umhverfisstofnunar að forgangsráða svæðum á náttúruverndaráætlun í vinnu stofnunarinnar við friðlýsingar. Þegar litið er til þeirra svæða sem friðlýst hafa verið frá því að fyrsta áætlunin tók gildi er hins vegar ljóst að sú nálgun ein er ekki endilega líklegust til árangurs. Aðeins þrjú svæði af þeim 15 sem fyrsta náttúruverndaráætlunin tók til hafa verið friðlýst, auk þess sem áfangasigrar hafa unnist í friðlýsingu Skerjafjarðarsvæðisins. Aðeins þrjú svæði, Hálsar, búsvæði tjarnarklukku í Djúpvogshreppi, svæði í Skaftártungum og á Síðuafrétti og Langisjór og nágrenni hafa verið friðlýst af þeim 14 sem tilnefnd voru til viðbótar á náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Eins og nefnt var hér í upphafi sýnir reynslan að grunnforsenda þess að friðlýsingaferli gangi vel er að helstu hagsmunaaðilar, einkum sveitarfélög og landeigendur, séu áhugasamir um verkefnið og að gott samstarf takist við þá. Brýnt er að auka samstarf og samráð við þessa aðila á frumstigi málsins, þ.e. í áætlunargerðinni sjálfri þannig að hagsmunaaðilum sé falið meira frumkvæði um tilnefningu svæða til friðlýsingar í þeirra heimabyggð, án þess þó að metnaðarfull áform í náttúruvernd verði gefin eftir. Með slíkum vinnubrögðum yrði eftirleikurinn greiðari, enda mikill kostur ef gert er ráð fyrir friðlýsingu í skipulagsáætlunum viðkomandi sveitarfélags. Ekki síst á það við ef um er að ræða svæði þar sem orku er að finna eða svæðið telst til verðmætt til annarra nota svo sem íbúabyggðar. Einnig þarf að taka til skoðunar, að mati stofnunarinnar, að fjölga stjórnækjum í undirbúningsferli friðlýsinga sem fela í sér nýja nálgun og ný tækifæri í héraði. Huga þarf að samþættingu aðgerða ríkisvaldsins sem áhrif kunna að hafa á ráðstöfun lands og umgengni við það.

Í ljósi þessa telur Umhverfisstofnun æskilegt að hugmynda- og aðferðafræði náttúruverndaráætlunar verði endurskoðuð og í framtíðinni horft í auknum mæli til þess hvernig svæði með evrópskt verndargildi eru valin og undirbúningur að verndun þeirra unninn, t.d. í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Þar er fyrsta skrefið greining á svæðum sem kunna að hafa náttúruverndargildi út frá samræmdum vísindalegum viðmiðum, en síðan er lögð höfuðáhersla á að vinna tillögur að friðlýsingu tiltekins hlutfalls slíkra svæða á grundvelli tillagna frá sveitarfélögum, landeigendum og almenningi um hvaða svæði séu líklegust til að ná markmiðum friðunar.